

Mál nr. 135/2011

Jón Sævar Þorbergsson (M)

og

Vátryggingafélag Íslands hf. v/almennrar slysatryggingar

**Meiðsl 17.10. 2009, ágreiningur hvort um handalögmál hafi verið að ræða
sem er undanskilin áhætta.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 31.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið fyrir utan skemmtistað/kaffihús á Akureyri að fagna brúðkaupsafmæli sínu fram eftir nóttu. Hann var undir áhrifum áfengis. Að sögn M kom upp einhver leiðindi á milli tveggja manna, hann ákvað að fara á milli þeirra til að reyna að stilla til friðar með þeim afleiðingum að hann var tekinn niður eða hrint sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn. Samkvæmt skilmálum greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða við þátttöku í handalögmálum. Til grundvallar afstöðu félagsins liggur málsatvikalýsing sem fram kemur í fyrirliggjandi læknisvottorði dags. 04.12. 2009.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi í umrætt sinn verið þátttakandi í handalögmálum í skilningi vátryggingarskilmála. M valdi þann kost verandi undir áhrifum áfengis að ganga í milli manna, sem áttu í deilum, með það að markmiði að stilla til friðar að því er telja verður. Í beinu framhaldi þessa mun hafa komið til handalögmála. Atvik sem þetta er undanskilið áhættu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.